

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri málsg. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendyr skal vera kr. 1 500.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 800.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsg. komi: kr. 2 500.00.

b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsg. komi: kr. 1 500.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 9 19. mars 1964 og lög nr. 26 5. apríl 1971.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Nr. 29.

20. maí 1975.

L Ö G

um launasjóð rithöfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal launasjóð íslenskra rithöfunda. Stofnfé sjóðsins skal vera 21.7 milljónir króna og greiðast úr rikissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1976. Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting, er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir.

Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.